



Fundur í sveitarstjórn

86. fundur, aukafundur, sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri Þórshöfn, þriðjudaginn 31. júlí 2018 og hófst kl. 17:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Mirjam Blekkenhorst, Árni Bragi Njálsson, Halldór Rúnar Stefánsson, Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Að því loknu var gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. Fundargerð 861. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. júní 2018
2. Fundargerð 306. fundar stjórnar Eyþings dags. 27. júní 2018
3. Fundargerð 15. fundar rekstrarnefndar Nausts, dags. 5. júlí 2018
4. Fundargerð 17. fundar hafnarnefndar, dags. 6. júlí 2018
5. Fundargerð 35. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. júlí 2018
 - Liður 1. Langanesvegur 13 – Viðbygging og lagfæring*
 - Liður 2. Austurvegur 6 – ósk um breytingar*
 - Liður 3. Erindi frá Skotfélagi Þórshafnar og nágrennis*
 - Liður 4. Umsókn um afmörkun lóðar í landi Miðfjarðarsels*
 - Liður 5. Umsókn um byggingarleyfi vegna veiðihúss*
 - Liður 6. Umsókn um heimild til lagningar vegslóða upp með Miðfjarðará og Litlu-Kverká*
 - Liður 8. Deiliskipulag – Miðsvæði við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn*
 - Liður 9. Deiliskipulag – Miðsvæði við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn*
 - Liður 10. Umsókn um leyfi til niðurrifs og byggingarleyfis á Steintúni 2*
 - Liður 11. Aðalskipulagsbreyting – Námur á Langanesströnd*
 - Liður 12. Aðalskipulagsbreyting – Námur á Langanesströnd*
6. Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda fyrir árið 2019, Minnisblað Sambands. ísl. sveitarfélaga dags. 29. júní 2018
7. Styrkvegir, úthlutun 2018, tölvupóstur dags. 26. júlí 2018
8. Umsókn UMFL um niðurfellingu fasteignagjalda, dags. 11. júlí 2018
9. Brunavarnaráætlun Langanesbyggðar
10. Eyrarvegur 1, Þórshöfn, Ástandsskoðun, minnisblað dags. 17.7.2018
11. Samþykktir Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, drög dags. 18. júlí 2018
12. Göngustígar – Niðurstaða útboðs
13. Skýrsla sveitarstjóra



Fundargerð

1. Fundargerð 861. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. júní 2018

Fundargerðin lögð fram.

2. Fundargerð 306. fundar stjórnar Eypings dags. 27. júní 2018

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerð 15. fundar rekstrarnefndar Nausts, dags. 5. júlí 2018

Fundargerðin lögð fram.

4. Fundargerð 17. fundar hafnarnefndar, dags. 6. júlí 2018

Fundargerðin lögð fram.

Liður 2. Tillaga um breytta staðsetningu nýs krana

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn frestar afgreiðslu tillögu hafnarnefndar þess efnis að krani sá sem keyptur hefur verið fyrir höfnina á Þórshöfn verði settur upp á Bakkafirði en ekki á Þórshöfn. Ástæða frestunar er að ekki hefur borist svar frá hönnuðum fiskibryggju um hvort bryggjan beri kranann og hvaða mögulegu breytingar þurfi að gera, ef einhverjar, á bryggjunni vegna nýs krana af þeirri stærð sem keyptur hefur verið.

Samþykkt samhljóða.

5. Fundargerð 35. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 27. júlí 2018

Fundargerðin lögð fram.

Liður 1. Langanesvegur 13 – Viðbygging og lagfæring

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn frestar staðfestingu á afgreiðslu nefndarinnar þar sem umbeðinn fundur sveitarstjórnar og fulltrúa umsækjenda hefur ekki farið fram.

Samþykkt samhljóða.

Liður 2. Austurvegur 6 – ósk um breytingar

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

Samþykkt samhljóða.

Liður 3. Erindi frá Skotfélagi Þórshafnar og nágrennis

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og ítrekar að sveitarfélagið er jákvætt fyrir því að finna svæði fyrir starfsemi félagsins.



Samþykkt samhljóða.

Liður 4. Umsókn um afmörkun lóðar í landi Miðfjarðarsels

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 5. Umsókn um byggingarleyfi vegna veiðihúss

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 6. Umsókn um heimild til lagningar vegslóða upp með Miðfjarðará og Litlu-Kverká

Til máls tóku: Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson. Björn Guðmundur Björnsson lagði fram svohljóðandi tillögu:

U-listinn leggur til að erindinu verði vísað til landbúnaðarnefndar til umsagnar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 8. Aðal- og deiliskipulag – Hestúsaahverfi við Þórshöfn

Lögð var fram skipulagslýsing um fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag hestúsaahverfis við Þórshöfn. Þar er m.a. gerð grein fyrir viðfangsefni og helstu forsendum.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að kynna lýsinguna almenningi og hagsmunaraðilum og senda hana umsagnaraðilum.

Samþykkt samhljóða.

Liður 9. Deiliskipulag – Miðsvæði við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn

Lögð var fram skipulagslýsing um fyrirhugað deiliskipulag miðsvæðis við Bakkaveg og Vesturveg á Þórshöfn. Þar er m.a. gerð grein fyrir viðfangsefni og helstu forsendum.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að kynna lýsinguna almenningi og hagsmunaraðilum og senda hana umsagnaraðilum.

Samþykkt samhljóða.

Liður 10. Umsókn um leyfi til niðurrifs og byggingarleyfis á Steintúni 2

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

Samþykkt samhljóða.



Liður 11. Aðalskipulagsbreyting – Námur á Langanesströnd

Fyrir nefndina var lagt yfirlit Vegagerðarinnar yfir námur sem óskað er eftir að settar verði inn á aðalskipulag Langanesbyggðar vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Einnig er fram lögð teikning og yfirlit yfir skipulagsbreytinguna.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Björn Guðmundur Björnsson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar á erindi Vegagerðarinnar og að gerð verði breyting á staðfestu aðalskipulagi Langanesbyggðar samkvæmt 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að láta ljúka gerð lýsingar á fyrirhugaðri skipulagsbreytingu og kynna hana í samræmi við lög þar um.

Samþykkt samhljóða.

Liður 12. Innsent erindi vegna lúpínu og kerfils

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar og felur sveitarstjóra að kanna kostnað við kortlagningu lúpínu og kerfils í sveitarfélaginu.

Samþykkt samhljóða.

6. Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda fyrir árið 2019, Minnisblað Sambands. ísl. sveitarfélaga dags. 29. júní 2018

Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

7. Styrkvegir, úthlutun 2018, tölvupóstur dags. 26. júlí 2018

Tölvupóstur frá svæðisstjóra Vegagerðarinnar á norðursvæði lagður fram. Þar kemur fram að Langanesbyggð hafi verið úthlutað kr. 1.000.000 af styrkvegafé fyrir árið 2018.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Björn Guðmundur Björnsson. Elías Pétursson veitti andsvar.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að nýta úthlutaða fjárhæð í lagfæringar á vegi inn Kverártungu, samstarf verði haft við bændur á Hallgilsstöðum um framkvæmdina.

Samþykkt samhljóða.

8. Umsókn UMFL um niðurfellingu fasteignagjalda, dags. 11. júlí 2018

Lagt fram bréf frá formanni Ungmennafélagi Langnesinga, dags. 11. júlí 2018, þar sem farið er fram á að fasteignagjöld verði felld niður á húseign félagsins að Bakkavegi 15.

Til máls tóku: Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson veitti andsvar. Björn Guðmundur Björnsson veitti andsvar. Elías Pétursson veitti andsvar öðru sinni.



Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn hafnar erindinu eins og það er sett fram, en samþykkir að veita Ungmennafélagi Langnesinga styrk til eins árs sem nemur fjárhæð álagðra fasteignagjalda ársins 2018.

Samþykkt samhljóða.

9. Brunavarnaráætlun Langanesbyggðar

Drög að brunavarnaráætlun fyrir Langanesbyggð, dags. 8. maí 2018, lögð fram að nýju, en hún var lögð fram á 83. fundi til kynningar.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn frestar afgreiðslu áætlunarinnar og felur sveitarstjóra að framkvæma kostnaðargreiningu á henni. Greiningu skal leggja fyrir sveitarstjórn svo fljótt sem verða má.

Samþykkt samhljóða.

10. Eyrarvegur 1, Þórshöfn, Ástandsskoðun, minnisblað dags. 17.7.2018

Lagt fram minnisblað Verkíss verkfræðistofu, dags. 17.7. 2018, um ástand hússins að Eyrarvegi 1 Þórshöfn.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn felur atvinnu- og ferðamálanefnd að fjalla um framlagt minnisblað og koma með tillögu að næstu skrefum.

Samþykkt samhljóða.

11. Samþykktir Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, drög dags. 18. júlí 2018

Drög að nýjum samþykktum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, dags. 18. júlí 2018, lögð fram.

Til máls tók: Elías Pétursson.

Samþykkt um afgreiðslu: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir formbreytingu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga úr hlutafélagi í sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri á grundvelli fyrirliggjandi tillögu að samþykktum fyrir sjálfseignarstofnunina. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að hlutafélagins í hlutafélaginu verði breytt í stofnfé í sjálfseignarstofnuninni. Oddvita er falið að fara með umboð sveitarfélagsins á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar sem gert er ráð fyrir að fram fari í ágústmánuði 2018.

Samþykkt samhljóða.

12. Göngustígar – Niðurstaða útboðs

Fram er lagt minnisblað sveitarstjóra dags. 30. júlí, efni minnisblaðsins er niðurstaða útboðs á göngustígum frá gatnamótum Fjarðarvegar og Sunnuvegar á Þórshöfn að tjaldsvæði bæjarins ásamt tengistígum samtals 672 metrar. Eitt tilboð barst í verkið og var það að fjárhæð kr. 6.277.920. Lagt er til að tilboði BJ Vinnuvéla í umrædda stígagerð verði tekið ásamt og að lagt er til að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun 2018 vegna þeirrar



fjárhæðar sem upp á vantar. Einnig er lagt til að leitað verði tilboða í gerð göngubrúar á Hafnarlæk.

Til máls tóku: Björn Guðmundur Björnsson og Elías Pétursson sem veitti andsvar. Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Elías Pétursson.

Bókun um afgreiðslu: Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi þar um. Einnig er sveitarstjóra falið að leita tilboða í gerð og niðurstetningu brúar yfir Hafnarlæk og leggja fyrir sveitarstjórn. Jafnframt er sveitarstjóra falið að gera viðauka við fjárhagsáætlun 2018.

Samþykkt samhljóða.

13. Skýrsla sveitarstjóra

Til mál tók Elías Pétursson sveitarstjóri og yfirför þau atriði sem í gangi hafa verið og ekki er getið sérstaklega hér að ofan.

Höfnin á Bakkafirði – Sveitarstjóri hefur sent Vegagerðinni bréf þar sem þess er formlega farið á leit að ýmsar úrbætur á höfninni verði settar inn á samgönguáætlun. Bréfið var samið í kjölfar samþykktar hafnarnefndar og samskipta við Vegagerðina.

Skólagata 5 á Bakkafirði – Lokið hefur verið við að mála fyrrum húsnæði grunnskólans á Bakkafirði að utan, einnig voru eldhús, borðsalur og skrifstofa máluð.

Veraldarvinir – Veraldarvinir hafa verið hér á Þórshöfn undanfarið og nú er hópur að koma sem verður á Bakkafirði. Þetta árið var ákveðið að fara með þeim í umhverfisúrbætur og fegrun þéttbýliskjarnanna.

Langanesvegur 2 – Hönnun er að mestu lokið og unnið er að gerð verksgagna vegna klæðningar og annars frágangs utanhúss.

Leikskóli nýbygging – Í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar hefur verið unnið að því að fá verktaka til verksins, það hefur verið unnið í samvinnu við yfirverktaka. Þann 9. júlí sl. var auglýst eftir áhugasömum aðilum til þátttöku í samningsinnkaupum vegna rífs á leikskóla og undirbúnings enduruppbyggingar húss. Tveir sýndu verkinu áhuga en einungis annar þeirra skilaði inn formlegri ósk um þátttöku. Nú er unnið að samningum við þann aðila. Reiknað er með því að húsið, sem nú er í smíðum á Egilsstöðum, verði reist í september og að það verði tilbúið að utan fyrir veturinn.

Endurbætur á Nausti – Hönnun breytinga er lokið að mestu og unnið er að gerð verksgagna. Vonir standa til að hægt verði að bjóða verkið út fljótlega.

Félagsheimilið Þórsver – Unnið er að ýmsu viðhaldi á húseigninni svo sem málningarfrágangi og lagfæringum utanhúss.

Bryggjudagar – Ákaflega vel heppnaðir bryggjudagar voru haldnir helgina 20. til 22. júlí og var af hálfu sveitarfélagsins leitast við að styðja við hátíðina eftir mætti. Vert er að þakka

LANGANESBYGGÐ



Þeim aðilum sem stóðu að hátíðinni fyrir allt samstarf og það frumkvæði og óeigingjarnt starf sem sýnt er af þeirra hálfu. Svona hátíð er mikils virði fyrir samfélagið hér á svæðinu.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:58.